

13. desember 2019

Isavia ohf.
Reykjavíkflugvöllur
101 Reykjavík

Greinargerð um útgáfu starfsleyfis fyrir rekstur Hornafjarðarflugvallar, 781 Höfn í Hornfirði.

Umsókn um endurnýjun starfsleyfis fyrir rekstur flugvallar með eldsneytisafgreiðslu og tilheyrandi mannvirki á 781 Höfn barst 29.1.2019. Umsækjandi er Isavia ohf. kt. 550210-0370.

Málsmeðferð við vinnslu starfsleyfisins hefur verið í samræmi við ákvæði í 6 gr. reglugerðar nr. 550/2108 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Drög að starfsleyfi voru útbúin og auglýst á heimasíðu HAUST þann 9. september sl. og veittur fjögurra vikna frestur til athugasemda. Frestur til að gera athugasemdir rann út þann 7. október 2019.

Er það mat undirritaðar að fyrirtækið hefur uppfyllt kröfur sem settar voru fram í eftirlitsskýrslu dags. 9.9.2019, sbr. reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi.

Þar sem um endurnýjun á áður útgefnu starfsleyfi er að ræða og engar breytingar hafa orðið á staðsetningu og starfsemi fyrirtækisins var ekki leitað umsagna skipulags- og byggingafulltrúa.

Engar athugasemdir bárust við starfsleyfisdrögin innan auglýsts frests.

Starfsleyfi er því hér með gefið út.

Virðingarfyllst, f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Dröfn Svanbjörnsdóttir,
heilbrigðisfulltrúi